DALVÍKURBYGGÐ

HESTHÚSASVÆÐI – HRINGSHOLT

DEILISKIPULAG

GREINARGERÐ MEÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLUM

16. september 2026

LANDSLAG

Samþykktir 2
1 Inngangur 3
1.1 Staðhættir og upplýsingar 3
1.2 Skipulagslýsing 5
1.3 Skipulagsleg staða - aðalskipulag 5
1.4 Minjaskráning 6
1.5 Gögn deiliskipulags 6
1.6 Samráð 6
2 Deiliskipulag 7
2.1 Lóðir 7
2.2 Byggingarreitir 7
2.3 Samgöngur 8
2.3.1 Bílastæði 8
2.4 Veitur 8
2.4.1 Neysluvatn 8
2.4.2 Hitaveita 8
2.4.3 Rafmagn 8
2.4.4 Fráveita 9
2.4.5 Brunavarnir 9
2.5 Varðveisla minja 9
3 Almennir skilmálar 10
3.1 Almennt 10
3.2 Hönnun og uppdrættir 10
3.3 Mæliblöð 10
3.4 Sorpgeymslur 10
3.5 Taðþrær 10
4 Sérákvæði 11
4.1 Almennt 11
4.2 A – Ný hesthús 11

4.3 B – Reiðhöll.....11
4.4 C – Tengibygging.....11
4.5 D – Núverandi hesthús.....11
5 Umhverfisáhrif.....12

Samþykktir

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____ og samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann

_____

_____

Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

Deiliskipulag þetta öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____

1 Inngangur

Dalvíkurbyggð vinnur að gerð deiliskipulags fyrir hesthúsasvæðið Hringsholt sunnan Dalvíkur. Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulagsins í samstarfi við skipulagsráð og sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar.

Deiliskipulagið er unnið í samstarfi við Hestamannafélagið Hring[1] sem er með starfsemi á svæðinu og í samræmi við framtíðarhugmyndir félagsins um uppbyggingu svæðisins. Aðdragandi verkefnisins er að hestamannafélagið skipaði undirbúningsnefnd árið 2020 til að undirbúa uppbyggingu nýrrar reiðhallar.

Á fundi skipulagsráðs Dalvíkurbyggðar þann 9. apríl 2025 var samþykkt beiðni um að vinna nýtt deiliskipulag fyrir hesthúsabyggðina og reiðhöll á núverandi starfssvæði Hrings.

1.1 Staðhættir og upplýsingar

Skipulagssvæðið fylgir afmörkun íþróttasvæðis (ÍÞ-516) í aðalskipulagi og afmarkast af Svarfaðardalsvegi nr. 805 í vestri og nær svæðið þaðan yfir núverandi byggingar og athafnasvæði hesthúsasvæðisins og nánasta umhverfi.

Stærð skipulagssvæðisins er um 13,3 ha.

Innan svæðisins er ein stór bygging sem er bæði hesthús og reiðhöll en austan og vestan byggingarinnar eru hestagerði. Norðan byggingarinnar en skeiðvöllur og hringbraut.

Aðkoma akandi inn á svæðið er á tveimur stöðum frá Svarfaðardalsvegi. Meðfram Svarfaðardalsvegi á norðurhluta svæðisins er almennt bílastæði og kerrustæði. Annað minna kerrustæði er sunnan núverandi byggingar fyrir hesthús og reiðhöll.

Meðfram Svarfaðardalsvegi austanverðum er reiðstígur úr suðri að nyrðri aksturstengingu en við hana þverar reiðstígurinn Svarfaðardalsveg og liggur vestan hans áfram til norðurs. Frá reiðstígnum austan Svarfaðardalsvegar eru tengingar á tveimur stöðum að hesthúsi og hestagerðum við þau.

Austan skipulagssvæðisins er efnislosunarsvæði og er aðkoma að svæðinu í gegnum skipulagssvæðið.

[1] Hestamannafélagið Hringur var stofnað árið 1962. Félagið er með aðstöðu í Hringsholti í Svarfaðardal, í byggingu sem áður var refaskáli en félagið keypti og breytti í hesthús og reiðhöll árið 1990.



Mynd 1. Skipulagssvæði deiliskipulagsins er afmarkað með gulri línu.

1.2 Skipulagslýsing

Skv. skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðs deiliskipulags var samþykkt til kynningar á fundi skipulagsráðs Dalvíkurbyggðar 12. nóvember 2025 og á fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 18. nóvember 2025. Skipulagslýsingin var send umsagnaraðilum og auglýst frá 26. nóvember til 24. desember 2025. Tekið var tillit til þeirra umsagna og athugasemda sem bárust í vinnu við gerð deiliskipulags.

1.3 Skipulagsleg staða - aðalskipulag

Skipulagssvæðið er skilgreint sem Opið svæði til sérstakra nota (516-O) í gildandi Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Stærð svæðisins er 6,9 ha og lýsing: Hesthús, reiðvöllur og tjaldsvæði. Meðfram Svarfaðardalsvegi er skilgreindur reiðstígur. Nærliggjandi landnotkun er athafnasvæði, efnistökusvæði og landbúnaðarsvæði. Skipulagssvæðið er í jaðri Friðlands Svarfdæla.

Í gildistöku er nýtt aðalskipulag, Aðalskipulag Dalvíkurbyggðar 2025-2045. Skipulagssvæðið er skilgreint sem Íþróttasvæði (ÍÞ-516) í nýju aðalskipulagi. Stærð svæðisins er 8,8 ha og lýsing: Hesthús, reiðvöllur og tjaldsvæði.



Mynd 2: Hluti dreifbýlisuppdráttar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2008-2020. Skipulagssvæðið (hvítur hringur), opið svæði til sérstakra nota 516-O.



Mynd 3: Hluti vinnslutillögu dreifbýlisuppdráttar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar 2025-2045. Skipulagssvæðið (hvítur hringur), íþróttasvæði ÍÞ-516.

1.4 Minjaskráning

Skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 skal fara fram skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum áður en deiliskipulag er afgreitt og framkvæmdaleyfi veitt.

Innan skipulagssvæðis eru friðaðar fornleifar á tveimur þekktum minjasvæðum suðaustur af núverandi byggingu: nr. 2752-222 (heimild um fjárhús- Yzthúsgerði) og 2752-221 (heimild um aðhald- Nátthagi)[2].

1.5 Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið samanstendur af eftirtöldum gögnum:

- Greinargerð með forsendum ásamt skipulags- og byggingarskilmálum
- Deiliskipulagsuppdrætti í mælikvarða 1:2000 í A3

1.6 Samráð

Í skipulagsferlinu er haft samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem tengjast viðfangsefni deiliskipulags með einhvernum hætti.

Helstu samráðsaðilar í vinnu við deiliskipulag eru eftirfarandi:

- Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
- Hestamannafélagið Hringur
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Veitustofnanir
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Landeigendur aðliggjandi svæða
- Viðeigandi nefndir og deildir Dalvíkurbyggðar

[2] Hákon Jensson. Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags. Búnaðarsamband Eyjafjarðar. 2022/12. Akureyri 2022.

2 Deiliskipulag

Markmið með deiliskipulaginu er að mæta þörfum hestamanna í Dalvíkurbyggð um framtíðaruppbyggingu, tryggja öryggi ríðandi umferðar og tryggja aðgengi fyrir notendur og gesti svæðisins.

Í deiliskipulaginu eru skilgreind lóðarmörk, byggingarreitir, akstursleiðir, reiðstígar og bílastæði ásamt því að sett eru þau ákvæði sem ástæða er til í deiliskipulagi.

Meðal þess sem gert er ráð fyrir í framtíðaruppbyggingu svæðisins og er skilgreint í deiliskipulagi er eftirfarandi:

- Lóð og skilmálar fyrir nýja reiðhöll
- Lóðir og skilmálar fyrir ný hesthús
- Bílastæði og geymslusvæði
- Reiðstígar innan svæðis og tengingar við aðliggjandi svæði

Staðsetning reiðstíga og reiðvalla eru sýnd til leiðbeiningar á uppdrætti, staðbundnar aðstæður geta krafist annarrar legu en uppdráttur sýnir.

Hesthús skulu uppfylla reglugerð nr. 910/2014 um velferð hrossa, ásamt viðauka II um rými í stíum, loftræstingu í hesthúsum, gerði við hesthús o.s.frv.

Innan svæðisins er einungis gert ráð fyrir húsum og mannvirkjum fyrir hesta og reiðmennsku og ekki er heimilt að hýsa önnur húsdýr. Óheimilt er að útbúa íbúðir í hesthúsum eða á annan hátt innrétta þau þannig að þau séu íbúðarhæf þar sem með öllu er óheimilt að búa í hesthúsum og/eða halda til innan hesthúsasvæðisins.

2.1 Lóðir

Gert er ráð fyrir 8 nýjum lóðum innan skipulagssvæðisins. Skilgreind er ein stór lóð sem nær yfir núverandi hesthús ásamt fyrirhugaðri reiðhöll og tengibyggingu við núverandi hesthús en auk þess eru skilgreindar 7 lóðir fyrir stök minni hesthús austan núverandi byggingar.

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og stærð lóðar skráð. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að lóðin sé í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæliblaði.

2.2 Byggingarreitir

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir byggingarreitir og skulu allar byggingar byggðar innan þeirra.

Settir eru fram byggingarreitir innan lóða fyrir núverandi hesthús, ný hesthús, nýja reiðhöll og tengibyggingu nýrrar reiðhallar við núverandi hesthús.

Settur er fram byggingarreitur utan um núverandi hesthús til að ramma inn mögulegar endurbætur til framtíðar.

2.3 Samgöngur

Aðkoma akandi inn á svæðið er á tveimur stöðum frá Svarfaðardalsvegi (805) en í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að fyrirkomulag þetta verði óbreytt. Akvegir innan svæðisins hafa verið afmarkaðir með aðskilnað og öryggi akandi og ríðandi umferðar í huga.

Vegir innan skipulagssvæðisins verða 5 m að breidd, malarbornir eða með bundnu slitlagi. Tryggt verður að vegir fullnægi kröfum um þyngd ökutækja til brunavarna samkvæmt reglugerð um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum nr. 325/2016.

Austan Svarfaðardalsvegar er reiðstígur frá hesthúsi og til suðurs inn Svarfaðardal en auk þess eru reiðstígar innan svæðisins sem tengja saman hús, gerði og velli. Gert er ráð fyrir að nýir reiðstígar muni tengjast fyrirhuguðum byggingum en þess utan er ekki gert ráð fyrir nýjum reiðstígum. Yfirborð reiðstíga skal vera malarborið.

2.3.1 Bílastæði

Núverandi bílastæði meðfram Svarfaðardalsvegi er skilgreint frekar og útfært en bílastæðið er til að taka á móti notendum og gestum á álagstímum vegna viðburða í reiðhöll eða á keppnisvöllum. Bílastæði sunnan núverandi hesthúss er einnig skilgreint frekar og útfært en bæði þessi bílastæði geta einnig nýst sem geymslusvæði s.s. fyrir hestakerrur.

Vestan fyrirhugaðrar reiðhallar og sunnan núverandi hesthúss eru skilgreind almenn bílastæði vegna viðburða í reiðhöll eða á keppnisvöllum.

2.4 Veitur

Samráð skal haft við Dalvíkurbyggð, viðeigandi veitustofnanir og aðra viðeigandi aðila vegna framkvæmda við lagnir.

2.4.1 Neysluvatn

Vatnsveita Dalvíkurbyggðar sér svæðinu fyrir neysluvatni. Stofnlögn neysluvatns er meðfram Svarfaðardalsvegi vestanverðum og liggur lögn undir veginn og að núverandi byggingu og áfram til austurs í gegnum skipulagssvæðið. Lögnin liggur þar sem gert er ráð fyrir nýrri reiðhöll og skal samráð haft við Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar vegna framkvæmda í nánd við lögnina og mögulega færslu hennar.

Lagnir neysluvatns verða lagðar að lóðum nýbygginga.

2.4.2 Hitaveita

Heitt vatn kemur frá stofnlögn í landi Ytraholts vestan Svarfaðadalsvegar og liggur lögn undir veginn og að núverandi byggingu. Nýjar lagnir verða lagðar að lóðum nýbygginga.

2.4.3 Rafmagn

Jarðstrengur er handan Svarfaðardalsvegar og liggur strengurinn undir veginn og að núverandi byggingu. Jarðstrengir verða lagðir að lóðum nýbygginga.

2.4.4 Fráveita

Núverandi hreinsivirki er staðsett utan við hestagerði austan við núverandi byggingar. Gert er ráð fyrir endurbótum á fráveitu þegar svæðið byggist upp og að eitt hreinsivirki sem þjóni öllu svæðinu og verði staðsett sunnan við núverandi hús. Leiðbeinandi staðsetning er sýnd á uppdrætti. Þar sem svæðið er í námunda við friðland Svarfdæla er krafa gerð um að fráveita og hreinsun verði ítarlegri en tveggja þrepa hreinsun í samræmi við 6. gr. laga nr. 1450/2025.

Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna útfærslu fráveitu. Fráveitukerfi skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólphreinsun nr. 1450/2025, m.a. skal ofanvatn ef kostur er leiða í aðskilið kerfi til næsta viðtaka.

Frágangur hreinsivirkis skal vera vandaður í alla staði þannig að engin mengun stafi af. Aðgengi að hreinsivirki skal vera þannig að auðvelt sé fyrir ökutæki að komast að til tæmingar og eftirlits.

Sigvatn frá taðþróm og hesthúsum skal leiða um felligildru í fráveitu. Um taðþrær er fjallað í kafla 3.5.

2.4.5 Brunavarnir

Slökkvilið Dalvíkur sér um brunavarnir á svæðinu. Gera skal ráð fyrir því brunahönum á svæðinu og nægu slökkvivatni. Brunahanar skulu vera á svæðinu skv. hönnun lagnahönnuða og skal sýna staðsetningu þeirra á mæliblöðum. Eldvarnareftirlit og/eða slökkvistjóri skal staðfesta að aðgengi að slökkvivatni sé nægilegt til slökkvistarfa skv. 11.gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 og viðeigandi greinum í byggingarreglugerð.

2.5 Varðveisla minja

Tveir minjastaðir eru innan skipulagssvæðisins. Minjastaðir þessir eru utan svæða það sem gert er ráð fyrir framkvæmdum og verða því ekki fyrir áhrifum vegna framkvæmda skv. deiliskipulagi.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna fundinn til Minjastofnunnar Íslands eins og 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kveður á um, en þar segir:

> *”Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”*

3 Almennir skilmálar

3.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda um byggingar og framkvæmdir skv. deiliskipulagi.

3.2 Hönnun og uppdrættir

Fara skal eftir því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og aðrar reglugerðir segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð nr. 112/2012.

3.3 Mæliblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl. Allir meginhlutar húss skulu standa innan byggingarreits, eins og hann er sýndur á mæliblaði fyrir hverja lóð.

3.4 Sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu almennt vera í samræmi við kafla 6.12 í byggingareglugerð nr. 112/2012 eða samkvæmt ákvæðum sem Dalvíkurbyggð setur. Aðgangur að sorpílátum skal vera auðveldur og greiður en þess jafnframt gætt að sorpílát séu ekki áberandi.

3.5 Taðþrær

Við hvert nýtt hesthús skal vera taðþró og getur hún verið undir húsi, sambyggð húsi eða stök á lóð. Um allar gerðir taðþróa gildir að þær skulu vera lokaðar og tryggt að rigningarvatn eða annað yfirborðsvatn renni ekki í þær. Taðþrær skulu því vera steyptar og yfirbyggðar eða frá þeim gengið á annan sambærilegan hátt. Sigvatn frá taðþróm og hesthúsum skal leiða um felligildru í fráveitu. Búnaðurinn skal vera hannaður þannig að föst efni, þ.m.t. tað, hálmur og annað lífrænt efni, berist ekki í fráveitukerfið. Lóðarhafi ber ábyrgð á uppsetningu, rekstri og viðhaldi búnaðarins. Taðþrær skulu vera eins fyrirferðalitlar og mögulegt er og skal allur frágangur þeirra miða að því að þægilegt sé að komast að þeim við losun og lestun jafnframt því sem auðvelt verði að halda þeim og umhverfi þeirra snyrtilegu.

4 Sérákvæði

4.1 Almennt

Hér er lýst sérstökum skilmálum fyrir þær byggingar sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

4.2 A – Ný hesthús

Innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja eitt stakstætt hesthús á einni hæð með risi.

Hámarks byggingarmagn er 500 m^2.

Þakform skal vera tvíhalla þak (mænisþak) og er hámarkshæð bygginga 6,0 m og hámarks vegghæð 3,5 m frá gólfkóta aðalhæðar.

Kvistir eru heimilir. Hámarkslengd á hverjum kvisti er ¼ af húshlið og samanlögð lengd kvista má ekki fara upp fyrir ½ húslengd.

Þak- og veggfletir skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning bygginga innan byggingarreits er frjáls en fjarlægð á milli bygginga skal vera skv. gr. 9.7.5 í byggingarreglugerð.

4.3 B – Reiðhöll

Innan byggingarreits er heimilt að byggja reiðhöll á einni hæð með risi.

Hámarks byggingarmagn er 2500 m^2.

Þakform skal vera tvíhalla þak (mænisþak) og skal hámarkshæð bygginga vera er 9,0 m og hámarks vegghæð 5,0 m frá gólfkóta aðalhæðar.

Þak- og veggfletir skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls.

4.4 C – Tengibygging

Innan byggingarreits er heimilt að byggja tengibyggingu á milli núverandi hesthúss og fyrirhugaðrar reiðhallar.

Bygging skal vera á 1 hæð, hámarks byggingarmagn er 500 m^2.

Þakform er frjálst og skal hámarkshæð byggingar vera er 4,0 m og frá gólfkóta.

Þak- og veggfletir skulu vera í gráum, hvítum eða náttúrulegum tónum.

Staðsetning byggingar innan byggingarreits er frjáls.

4.5 D – Núverandi hesthús

Gert er ráð fyrir möguleika á endurbyggingu núverandi byggingar innan byggingareits. Hámarks byggingarmagn, þakgerð, vegghæð og hámarkshæð skal vera í samræmi við núverandi byggingu.

5 Umhverfisáhrif

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Innan svæðisins eru ekki náttúruminjar sem njóta verndar en í jaðri svæðisins er Friðland Svarfdæla var friðlýst árið 1972 að frumkvæði landeigenda og nær svæðið yfir einstakt votlendissvæði sem er varplendi fjölmargra fuglategunda.

Helstu framkvæmdir skv. deiliskipulagi er bygging hesthúsa og reiðhallar en metin eru möguleg umhverfisáhrif þeirra framkvæmda.

Í töflu hér að neðan má sjá samantekt mögulegra umhverfisáhrifa.

Umhverfisþáttur	**Samantekt áhrifa**	**Áhrif**
Landkostir	Fyrirhuguð uppbygging er áformuð á landi sem er nýtt undir beitarsvæði fyrir hross. Svæðið er innan skilgreiningar íþróttasvæðis og því er ekki verið að ganga á land sem skilgreint er sem landbúnaðarland.	0
Vistkerfi	Ekki er vitað til þess að á svæðinu sé um sérstæðar eða fágætar vistgerðir að ræða.	0
Jarðmyndanir	Á svæðinu eru ekki jarðmyndanir sem njóta verndar.	0
Samfélag og byggðafesta	Með uppbyggingu hesthúsasvæðis að Hringsholti er stuðlað að bættri aðstöðu fyrir hestafólk og afþreyingarmöguleikum á svæðinu.	+
Landslag og ásýnd	Uppbygging að Hringsholti hefur óveruleg áhrif á landslag og ásýnd m.a. það sem svæðið er þegar hesthúsasvæði með þeim mannvirkjum þeim því tilheyrir.	0
Heilsa	Ekki er talið að mengandi áhrif verði vegna fráveitu þar sem fráveitukerfi verður í samræmi við viðeigandi reglugerðir.	0
Minjar	Minjastaðir eru utan svæða það sem gert er ráð fyrir framkvæmdum og því verða minjastaðir ekki fyrir áhrifum.	0

Fyrirhuguð uppbygging er metin óveruleg á helstu umhverfisþætti Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi neikvæð umhverfisáhrif og möguleg jákvæð áhrif á samfélag og byggðafestu stafa af bættri aðstöðu fyrir hestafólk sem felur í sér aukna afþreyingarmöguleika og möguleika til útivistar.